

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Egilsstaða liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

16. mars 1995

Nr. 192

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Blönduóss 1993-2013. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Blönduóss, 1976-1996 er staðfest var 14. júlí 1980.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Blönduóssbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

27. mars 1995

Nr. 193

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur, 1992-2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1992-2012, frá 26. ágúst 1992 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að á óskipulögðu svæði austan Innri-Njarðvíkur koma tvær spildur fyrir landbúnað.

Bæjarstjórn Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.